



FRÉTTABRÉF FEBRÚAR

Foreldrakönnun verður lögð fyrir úrtak foreldra í Vatnsendaskóla í febrúar og er það Skólapúlsinn sem sér um framkvæmd könnunarinnar. Könnunin er mjög mikilvæg fyrir Vatnsendaskóla til að meta innra starf skólans en í könnuninni er spurt um gæði skólans, samskipti við skólann, virkni í skólastarfi og námið heima fyrir. Við biðjum þá foreldra sem lenda í könnuninni að bregðist vel við og taka þátt í henni en um 80% svarhlutfall þarf að berast til að könnunin verði marktæk.

Nemenda- og foreldraviðtölin voru haldin í lok janúar og vonum við að þið hafið fengið góðar upplýsingar um nám og líðan barna ykkar sem hægt er að byggja áframhaldandi starf á. Morgunverðafundirnir sem haldnir voru í janúar gengu vel og voru góðar umræður um málefni sem tengdust tilteknum árgöngum.

Í janúar urðu skipti á Vinaliðum og tóku nýir við. Þakkardagur var haldinn fyrir þá sem voru að ljúka sínum störfum sem Vinaliðar og fór hópurinn í óvissuferð sem endaði með pizzuveislu. Vinaliðarnir voru mjög ánægðir með daginn.

Námskeið fyrir nýja Vinaliða verður haldið hér í skólanum 19. febrúar. Þá kemur starfsmaður frá Vinaliðaverkefninu og kennir Vinaliðunum nýja leiki. Við sjáum mikinn mun á frímínútum eftir að vinaliðaverkefnið hófst, það eru mun minni árekstrar milli nemenda og meiri virkni, þátttaka og ánægja hjá þeim.



Bestu kveðjur,

Stjórnendur í Vatnsendaskóla

**Vatnsendaskóli
er hnetulaus
skóli**

**Vetrarfrí verður í
skólum
Kópavogs 25. og
26. febrúar.
Frístundin er
lokuð þessa daga**

**Mentor appið er
hægt að nálgast
bæði fyrir apple
og android tæki**

**Tilkynna þarf
veikindi
nemenda í síma
441 4000 eða
skrá þau á
mentor.is**

Vatnsendaskóli
Funahvarfi 2
203 Kópavogur

441 4000

vatnsendaskoli@kopavogur.is

Matseðillinn er birtur með fyrirvara um breytingar.

Meðlætisbar og ávextir með öllum máltíðum.

				1. febrúar Nautapottréttur, kartöflumús og grænmeti.
4. febrúar Fiskborgari, kartöflubátar og grænmeti.	5. febrúar Kjúklingasnitsel kryddkartöflur, brún sósa og grænmeti.	6. febrúar Grjónagrautur og slátur.	7. febrúar Fiskur KFC, kartöflur og salat.	8. febrúar Lasagne og salat.
11. febrúar Fiskibollur, kartöflur og sósa.	12. febrúar Hakk og spagettí.	13. febrúar Grænmetissúpa, samloka með skinku og osti.	14. febrúar Léttsöltuð ýsa, kartöflur og salat.	15. febrúar Kjöttbollur, kartöflmús, grænmeti og sósa.
18. febrúar Plokkfiskur og rúgbrauð.	19. febrúar Grænmetisbuff, hrísgrjón og karrýsósa.	20. febrúar Íslensk kjötsúpa.	21. febrúar Ofnbökuð ýsa, kartöflur, salat og sósa.	22. febrúar Kjúklingabitar, kartöflur og sósa.
25. febrúar Vetrarfrí	26. febrúar Vetrarfrí	27. febrúar Vanilluskyr með berjum og skonsa með osti.	28. febrúar Gufusoðin ýsa, kartöflur og salat.	